

# Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 13.12.2016

---

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 13.12.2016

Mætt voru Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

## **Dagskrá er eftirfarandi:**

1. Endurnýjun girðingar í kirkjugarðinum á Höskuldsstöðum
2. Beiðni um styrk v/Bændur græða landið
3. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins
4. Styrkbeiðni vegna flugeldasýningu hjá UMF. Fram og Björgunarsveitarinnar Strönd
5. Fjárbeiðni Stígamóta
6. Fjárhagsáætlun 2017-2020 önnur umræða
7. Önnur mál

### **1. Endurnýjun girðingar í kirkjugarðinum á Höskuldsstöðum**

Endurnýjuð var ein hlið girðingar um kirkjugarðinn á Höskuldsstöðum síðastliðið sumar. Hluttur Skagabyggðar vegna efniskaupa er kr. 126.362.

### **2. Beiðni um styrk v/Bændur græða landið**

Borist hefur beiðni frá Landgræðslu ríkisins vegna samstarfsverkefnisins Bændur græða landið. Óskað er eftir kr. 30.000. Beiðni samþykkt.

### **3. Styrkbeiðni vegna reksturs Aflsins**

Borist hefur beiðni frá Aflinu um styrk að upphæð kr. 70.000. Samþykkt að styrkja um kr. 20.000

### **4. Styrkbeiðni vegna flugeldasýningu hjá UMF. Fram og Björgunarsveitinni Strönd**

Samþykkt að styrkja um kr. 20.000

### **5. Fjárbeiðni Stígamóta**

Fjárbeiðni hefur borist frá Stígamótum. Samþykkt að styrkja um kr. 10.000

### **6. Fjárhagsáætlanir 2017 og 2018-2020 seinni umræða**

Útsvarsprósenta verður 14,52 % og fasteignaskattur 0,4%

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árið 2017 rædd og borin undir atkvæði og er samþykkt samhljóða. Skatttekjur sveitarfélagsins eru áætlaðar kr. 84.181miljónir og Gjöld eru áætluð

## Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 13.12.2016

---

kr. 83.126 miljónir. Niðurstaða er jákvæð um 6 þúsund þegar tillit hefur verið tekið til fjármunatekna og b-hluta fyrirtækis.

Fjárhagsáætlun Skagabyggðar fyrir árin 2018-2020 tekin til annarar umræðu og borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **7. Önnur mál**

Vignir lagði til að styrkja Rauða Krossinn á Skagaströnd fyrir jólin um kr. 100.000. Tillaga samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt , fundi slitið kl. 15,40